

Steinunn Kristjánsdóttir
Vala Gunnarsdóttir
Helga Jónsdóttir

Kortlagning klaustra á Íslandi

Helgafell



Reykjavík 2016

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
HELGAFELL	3
FYRRI VETTIVANGSFERÐIR Á HELGAFELL	4
KÖNNUNARSKURÐIR 2016	5
JARÐSJÁRMÆLINGAR 2016	8
NIÐURSTÖÐUR	9
HEIMILDASKRÁ	9
VIÐAUKAR	10
1. FUNDASKRÁ	10
2. JARÐLAGASKRÁ.....	12
3. TEIKNINGAR	13
4. LJÓSMYNDASKRÁ	15
5. KORT AF MIÐALDAKLAUSTRUNUM	21

© Steinunn Kristjánsdóttir, Vala Gunnarsdóttir og Helga Jónsdóttir 2016
Kortlagning klaustra á Íslandi: Helgafell
Vettvangsskýrsla XIX

Reykjavík: höfundar

Forsíðumynd: Könnunarskurður 1 opnaður, vorið 2016 (ljósm. Helga Jónsdóttir)

Inngangur

Sumarið 2013 hófst vinna við nýja fornleifarannsókn sem miðar að því að skrá minjar klaustranna sem rekin voru á Íslandi á kaþólskum tíma (1000-1550). Ætlunin er að greina ástæður stofnunar hvers klausturs fyrir sig, kanna rekstrargrundvöll þeirra og sögu en ekki síst að finna nýjar vísbendingar um gerð þeirra, hlutverk og innra starf með aðferðum fornleifafræðinnar. Stóra markmiðið er síðan að skoða áhrif klaustranna og umsvif í íslensku miðaldasamfélagi. Rannsóknin er gerð fyrir fjárframlög frá Rannsóknasjóði Íslands og Rannsóknasjóði HÍ. Í Viðauka 5 má sjá staðsetningu klausturstaðanna sem skoðaðir verða í þessari rannsókn.

Farnar voru þrjár vettvangferðir á Helgafell í Helgafellssveit í apríl, maí og júní 2016. Í fyrstu ferðinni fór Steinunn Kristjánsdóttir verkefnisstjóri ásamt Völu Gunnarsdóttur í skoðunarferð. Dagana 19.–20. maí voru teknir könnunarskurðir á Helgafelli og voru starfsmennirnir þá fjórir auk Steinunnar verkefnisstjóra. Það voru Helga Jónsdóttir, Baldur Gauti Gunnarsson, Scott Riddell og Vala Gunnarsdóttir. Þann 30. júní fóru svo Steinunn, Vala og Helga og mældu bæjarhlaðið og bílastæðið framan við kirkju með radarjarðsjá. Í vettvangsferðum sáu starfsmennirnir um töku könnunarskurða, ljósmyndun, og skráningu og frágang gagna. Helga og Vala eru fornleifafræðingar og er Baldur meistaranemi í miðaldasagnfræði. Að auki er Vala með meistaragraðu í safnafræði og er Scott doktorsnemi í umhverfisfornleifafræði.

Höfundar vilja þakka Hirti Hinrikssyni bónda og fjölskyldu hans á Helgafelli fyrir óeigingjarna aðstoð við rannsóknina.

Helgafell

Munkaklaustur af Ágústínusarreglu var stofnað í Flatey á Breiðafirði árið 1172 og nefndist þá Flateyjarklaustur (sjá viðauka 5). Árið 1184 eða 1185 var klaustrið síðan flutt að Helgafelli og var rekið þar til ársins 1543 þegar siðaskiptin stóðu sem hæst (Janus Jónsson 1887, bls. 227 og 236). Á Helgafelli hefur staðið kirkja frá því um 1000 samkvæmt Eyrbyggja sögu (1933, bls. 136) en ekki er vitað nákvæmlega hvar það var.

Þar sem að klaustrið var starfrækt í svo langan tíma gætu miklar leifar þess leynst í jörðu. Á Helgafelli hefur þó frá fornu fari verið mikill búskapur sem hefur haft í för með sér jarðrask, t.d. hafa tún verið sléttuð og miklar jarðaumbætur verið gerðar frá því skömmu fyrir aldamótin 1900 er Jónas Sigurðsson keypti jörðina. Gæti þetta erfiðað leitina að rústum

klaustursins. Ýmis örnefni eru á Helgafelli sem vísa til klausturlifnaðar. Má þar til dæmis nefna Klausturhóla og Ábótröð. Flest klausturörnefni á Helgafelli eru nálægt kirkjunni, flest norðan og norð-austan við hana (Hermann Jakob Hjartarson 2014, bls. 12–19).

Fyrri vettvangsferðir á Helgafell

Árið 2014 voru farnar fjórar vettvangsferðir á Helgafell. Í þeirri fyrstu voru gerðar segulmælingar, viðnámsmælingar og radarjarðsjármælingar ofan við núverandi kirkju en einnig á milli Helgafellsvatns og Helgafells. Þá voru jafnframt gerðar mælingar með radar á Undirtúni sem var hjáleiga frá Helgafelli. Mælingar ofan við kirkjuna sýndu engar rústir þar sem almennt er talið að klaustrið hafi staðið (Graham 2014, bls. 8). Teknir voru fimm könnunarskurðir í þremur vettvangsferðunum sumarið 2014 en hvergi fundust leifar frá klausturtíma. Það má því segja að allmargir staðir innan jarðarinnar hafi verið útilokaðir sem möguleg klausturstæði.

Það var svo þegar teikning Sæmundar Hólm frá 1790 af Helgafelli fannst að nýjar hugmyndir kviknuðu um það hvar klaustrið kynni að hafa staðið (mynd 1). Ákveðið var að athuga þær betur sumarið 2016. Sæmundur Hólm var prestur á Helgafelli árin 1789–1819 og endurbyggði kirkjuna þar en til er frásögn í Ferðabók Ebenezer Henderson þar sem sagt er frá því er Henderson kom að Helgafelli um 1814–1815:

Sóknarpresturinn sjálfur er nálega kominn af fótum fram, og er þó alls ekki gamall maður. Heitir hann Sæmundur Hólm og hefir ritað mjög ótrausta frásögn um síðasta eldgosið. Kirkja sú, sem nú er á Helgafelli, er til orðin fyrir hans snildarlega hagleik; hefir hann með eigin höndum smíðað alt trjeverkið. Þegar hann tók niður hina gömlu altarisbrík, fann hann að hún hafði að geyma „paxspjald“, það er að segja þunna hellu og flata, og var það áletrað á engil-saxnesku. En ekki var tekið neitt afrit af henni og annaðhvort brotnaði hellan í mola eða glataðist, svo að nú er engan frekari fróðleik um hana að fá (Henderson 1957, bls. 247–275).

Teikningin sýnir ýmis hús en flest eru þau illa farin eða fallin. Það vakti hins vegar athygli að á teikningunni er engin kirkja né Helgafell sjálft. Því er erfitt að átta sig á sjónarhorni teikningarinnar og afstöðu húsanna. Mögulega hefur Sæmundur verið búinn að taka niður kirkjuna þegar hann gerði teikninguna. Þá er hugsanlegt að teikningin sýni sjónarhorn húsanna frá kirkjunni séð, án þess að Helgafellið sjáist líka. Enn önnur kenning er að húsið sem merkt er smíðja á myndinni hafi áður verið kirkjan. Fremst á teikningunni er einnig dekkri blettur en ekki er ljóst hvað það á að tákna, ef til vill vatnið, fjallsrætur, mýri, læk eða hóla. Á henni sést grunsamleg niðurfalld bygging sem virðist vera hlaðin úr steini, með garði í kring. Um þessa byggingu segir einungis að þetta sé „En gandske nedreven bygnins grund“.

Ekki er tekið fram að um niðurrifna kirkju sé að ræða en það er þó mögulegt þar sem að Sæmundur virðist hafa rifið kirkjuna.



Mynd 1: Teikning Sæmundar Hólm lögð yfir ljósmynd af Helgafelli. Ein kenning um sjónarhorn.

Farin var vettvangsferð á Helgafell í apríl 2016 í þeim tilgangi að finna mögulegt sjónarhorn Sæmundar þegar hann gerði teikninguna. Nokkur sjónarhorn komu til greina og var ákveðið að skoða frekar nokkra staði innan jarðarinnar í framhaldi af því.

Könnunarskurðir 2016

Teknir voru tveir könnunarskurðir á Helgafelli að þessu sinni. Könnunarskurður 1 var tekinn nálægt vatninu, n.t.t. á Sölvhól en ef ein kenning um sjónarhorn teikningar Sæmundar er skoðuð lendir niðurrifna byggingin u.þ.b. á þeim stað (sjá mynd 1 og 3).

Skurður 1 var 1x1 m á stærð. NA horn hans er á hnitunum E324.289 N509.786. Undir yfirborðslaginu efst í skurðinum var raskað fokmoldarlag, um 20 cm þykkt. Þar fyrir neðan var blandað lag með smá kolaleifum og móösku, einnig um 20 cm þykkt. Á um 50 cm dýpi var komið niður á óhreyfðan jarðveg og grjót sem líktist klöpp. Engar frekari mannvistaleifar voru í skurðinum.

Ætlunin var að taka annan könnunarskurð á rana suðvestan við kirkjuna, þar sem fjárhús sjást á teikningu frá Collingwood sem hann gerði árið 1897. Bóndinn á Helgafelli, Hjörtur Hinriksson, var með í för og sýndi okkur hvar þau stóðu þegar hann var barn. Ætlunin var að skoða hversu mörg byggingarstig væru í hólnum og hvort að fyrri bær eða jafnvel

klausturbyggingar höfðu staðið þar. Hjörtur benti hins vegar á að á hólnum væri víðast hvar stutt niður í klett. Ekki var þess vegna talið fýsilegt að grafa könnunarskurð þar að þessu sinni.

Við þessa yfirferð var gengið fram á mikið kolalag austan við malarveginn sem liggur suður frá bænum, vestan við kirkjuna. Kom í ljós að þar var verið að lagfæra veginn og hafði grasrót verið tekin ofan af á 5–10 metra löngum kafla (mynd 2). Kolalagið var svo mikið að það fangaði athygli okkar. Kom þá í ljós að stór og mikil hleðsla úr torfi og grjóti var þar hjá. Nokkru sunnar fundust svo keramiksbrot af miðaldagerð. Ekki var ákveðið að grafa í rústina en hún var svo sýnileg að uppgröftur hefði líklega litlu við að bæta. Á teikningu Sæmundar Hólms frá 1790 sést einmitt smiðja, auk þess sem gera má ráð fyrir að klaustrið hafi haft smiðju á sínum snærum. Bóndinn kannaðist ekki við að hafa heyrt talað um smiðju á þessum stað en hans fjölskylda hefur búið á Helgafelli frá lokum 19. aldar.



Mynd 2: Sýnileg rúst á yfirborði við malarveg. Virðist af smiðju. Ljósmynd: Helga Jónsdóttir

Ákveðið var að taka könnunarskurð 2 á bæjarstaðinu undir fellinu og nokkuð norðar en torfbærinn stóð á 19. öld (mynd 3). Máttu þar óljóst greina nokkrar rústir á loftmynd en þar hafði ekki verið mælt með jarðsjánum.



Mynd 3: Yfirlit yfir könnunarskurði 2016, einnig sést smiðjurústin. Kort: Vala Gunnarsdóttir

Í könnunarskurði 2 var komið niður á blandað lag með smá móösku í, strax undir yfirborði. Fyrir neðan það tóku við lagskipt móöskulög, mosagræn á lit. Síðan tók við svart lag með mikilli viðarösku og í því lagi fannst sleggjubrot sem bendir til þess að það sé frá 16. öld eða síðar.

Næst tók við bleikt móöskulag á um 60 cm dýpi. Var það um 20 cm þykkt. Tvö brennd dýrabein fundust í jarðlaginu. Þar fyrir neðan var dökkt, fitugt lag og í því lagi fannst lítið mjótt brýni (KLI 2016-11-6) sem virtist fornt að sjá. Þar fannst einnig textílþútur, mögulega vattarsaumur og mikið af dýrabeinum, brenndum og óbrenndum. Mikil brennisteinslykt



Mynd 4: Austursnið könnunarskurðar 2. Ljósmynd: Helga Jónsdóttir

var í botni skurðarins. Skurðurinn varð allt í allt um 110 cm djúpur (mynd 4). Engin gjóskulög voru sýnileg í könnunarskurðinum en dýrabein (2016-11-17) úr dökka jarðlaginu (jarðlag 7) var sent til kolefnisaldursgreiningar til að fá hugmynd um aldur mannvistarinnar í skurðinum.

Var talið við uppgröft að lagið væri ca. frá 11. öld. Niðurstöður mælinga sýndu hins vegar að beinið væri frá tímabilinu AD 1420–1465 og þar af leiðandi frá klausturtíma (leiðréttur aldur, Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir 2016, bls. 8–9). Líkur eru því á að klaustrið hafi staðið nærri staðnum sem könnunarskurðurinn var tekinn en ljóst er að þar hefur verið búseta lengi og minjar í jörðu að öllum líkindum mjög raskaðar vegna seinni tíma framkvæmda.

Jarðsjármælingar 2016

Í júní var ákveðið að mæla á ný á Helgafelli með radarjarðsjá. Notast við radarmælinn SIR System-3000 frá GSSI (Geophysical Survey Systems, Inc.) og voru gögn túlkuð í forritinu



Mynd 5: Helga Jónsdóttir og Vala Gunnarsdóttir mæla bæjarstæðið með radarjarðsjánni. Mynd: Steinunn Kristjánsdóttir

GPR-SLICE. Sett var upp hnitakerfi sem var 20 x 20 metrar og var gengið eftir því með jöfnu millibili með jarðsjánni.

Ákveðið var að byrja að mæla bæjarstæðið á milli íbúðarhúss og hlöðu en þar mátti búast við rústum, enda stóð gamla íbúðarhúsið þar fram undir 1970 og gamli torfbærinn áður. Aðstæður til mælinga voru nokkuð góðar en malarplan er á milli húsanna. Mikið viðnám mældist víðsvegar á svæðinu en erfitt er að segja til um hvort að leifar af eldri byggingum leynist undir yngri byggingarústunum, það verður þó að teljast líklegt að bæjarhúsin hafi lengi staðið á sama stað og yngri byggingar

raskað hinum eldri. Einnig var ákveðið að mæla bílastæðið framan við kirkju, en þar nærri fundust eitt sinn beinagrindur. Viðnám mældist á ýmsum stöðum á svæðinu en ekki mjög samfelld eða regluleg sem þótti benda til rústa. Virðist einnig sem að skipt hafi verið um jarðveg á bílastæðinu og nokkuð þykkt lag af mól er þar nú.

Niðurstöður

Líkt og hér hefur komið fram voru grafnir tveir könnunarskurðir á jörð Helgafells að þessu sinni. Ekki fundust byggingarleifar í þeim en í könnunarskurði 2 kom í ljós þykkt móöskulag og svart lag sem virtist vera ruslslag. Við var að búast að mannvist findist á svæðinu enda var könnunarskurðurinn tekinn á bæjarstæðinu. Engin gjóskulög var að finna í skurðinum til að ákvarða aldur minjanna en sýni sem var sent til kolefnaaldursgreiningar sýnir að minjarnar eru frá klausturtíð og síðar, en óvíst er hverju þær tengjast, klaustri eða bæ. Ljóst er að búseta hefur haldist á sama stað í gegnum aldirnar á Helgafelli.

Malarplanið milli íbúðarhússins og fjóssins var að auki mælt með radarjarðsjá og sýndu niðurstöður viðnám sem gætu sýnt fram á byggingarleifar, þó er erfitt að segja til um það en allt svæðið virðist mjög raskað af seinni tíma framkvæmdum. Enn er ekkert hægt að fullyrða hvar klaustrið að Helgafelli stóð en mestar líkur er nú taldar á að það hafi staðið á stæði núverandi kirkju, líklega norðan hennar, að hluta til í kirkjugarðinum sjálfum. Á því svæði er illmögulegt að nota jarðsjármæla vegna legsteina og ómögulegt að taka könnunarskurði vegna grafa. Þá er svæðið friðlýst vegna leiðis Guðrúnar Ósvífursdóttur sem er innan þess. Teikning Sæmundar gæti stutt þessa tilgátu en niðurrifna húsið sem líkist kirkju er umkringd ferhyrndum garði og nokkrum húsum sem líkist skipan klausturhúsa.

Heimildaskrá

Eyrbyggja saga (1933). *Íslensk fornrit IV*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Graham, M. (2014). *Monasteries in Iceland. Report on Geophysical Survey. Season 1*. [Skýrsla]. Wigton: Grampus Heritage and Training Ltd. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/MARK_2014.pdf

Henderson, Ebenezer (1957). *Ferðabók : frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814 og 1815 með vetursetu í Reykjavík eftir; [Snæbjörn Jónsson þýddi]* Henderson, Ebenezer, 1784-1858. Reykjavík : Snæbjörn Jónsson.

Hermann Jakob Hjartarson (2014). *Rannsókn á örnefnum um klaustur á Íslandi*. [Skýrsla]. Aðgengileg á https://notendur.hi.is/~sjk/ORN_2014.pdf

Janus Jónsson (1887). Um klaustrin á Íslandi. *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 8. árg., bls. 174–265.

Steinunn Kristjánsdóttir og Vala Gunnarsdóttir (2016). *Kortlagning klaustra á Íslandi: Greinargerð um niðurstöður kolefnisaldursgreininga II*. Vettvangsskýrsla XXII. https://notendur.hi.is/~sjk/KOL_II.pdf

Viðaukar

1. Fundaskrá

Dags.	Nr.	Fundur	Efni	Svæði	J - lag	Skráð af	Ath.
20.5.2016	2016-11-1	Brennt dýrabein	bein	TP2	J2	SK	
20.5.2016	2016-11-2	Brennt dýrabein	bein	TP2	J6	SR	2 STK. Í rauða lagi
20.5.2016	2016-11-3	Nagli	Járn	TP2	J5	HJ	f. ofan rautt lag
20.5.2016	2016-11-4	Brennd dýrabein	bein	TP2	J7	HJ	7 stk undir rauða laginu
20.5.2016	2016-11-5	Sleggja	stein	TP2	J5	HJ	hálft sleggja f. ofan rautt lag
20.5.2016	2016-11-6	Brýni	stein	TP2	J7	HJ	rétt undir rauða laginu
20.5.2016	2016-11-7	Smjörbein (dýrabein)	bein	TP2	J7	HJ	í kolalagi
20.5.2016	2016-11-8	Brennd dýrabein	bein	TP2	J7	HJ	3 stk
20.5.2016	2016-11-9	Brennd dýrabein	bein	TP2	J7	HJ	6 stk
20.5.2016	2016-11-10	Brennd dýrabein	bein	TP2	J7	HJ	
20.5.2016	2016-11-11	Bein	bein	TP2	J7	VG	svarta þykka lagið, neðarlega í J7
20.5.2016	2016-11-12	Brennt bein	bein	TP2	J7	HJ	
20.5.2016	2016-11-13	viður	viður	TP2	J7	HJ	neðarlega í J7
20.5.2016	2016-11-14	Dýrabein (kannski svín)	bein	TP2	J7	HJ	heill leggur
20.5.2016	2016-11-15	Keramik	leir			SK	3 stk fundin suður af kirkju rétt v "smiðju" í lausafundi í róti v. vegagerðar
20.5.2016	2016-11-17	Dýrabein	bein	TP2	J7	HJ	samansafn úr J7
20.5.2016	2016-11-18	Textíll	ull	TP2	J7	SK	geymt í ísskáp

20.5.2016	2016-11-19	Brenndýrabein	bein	TP2	J7	HJ	undir rauða laginu
20.5.2016	2016-11-20	Brenndýrabein	bein	TP2	J7	HJ	neðarlega
21.5.2016	2016-11-21	Viður	viður	TP2	J7	HJ	neðarlega
22.5.2016	2016-11-22	Keramik	leir	TP2	?	HJ	grátt brot, fannst í haug úr TP2

2. Jarðlagaskrár

STAÐUR: Helgafell

VERKEFNISNÚMÉR: 2016-11

LEYFISNÚMÉR: 2016040049

SKURÐUR: K1/2

Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
	J1	Yfirborðslag	15			19.5.2016
	J2	Röskuð fokmold	16-20			19.5.2016
	J3	Blandað lag, móaska, kol, brennd bein, steinar	15-22			19.5.2016
T1	J4	Óhreyft				19.5.2016

STAÐUR: Helgafell

VERKEFNISNÚMÉR: 2016-11


LEYFISNÚMÉR: 2016040049

SKURÐUR: K2/2


Teiknilag	Jarðlag	Lýsing	Þykkt cm	Sýni	Annað	Dags.
	J1	Yfirborðslag	15			20.5.2016
	J2	Blandað lag með smá móösku	18			20.5.2016
	J3	Blandað lagskipt lag	12			20.5.2016
	J4	Dekkra, blandað lagskipt lag	12			20.5.2016
	J5	Svart lag með viðarkolum	15		Nagli, sleggja	20.5.2016
	J6	Móöskulag, þykkt, rauðbleikt	18			20.5.2016
	J7	Dökkt lag, brennd bein, kol	8-15		Brýni	20.5.2016

3. Teikningar


Helgafell
T_2016-11-1
Könnunarskurður 1
Flatarteikning - Teiknilag 1



Helgafell
T_2016-11-2
Könnunarskurður 1
Suðursnið



Helgafell
T_2016-11-3
Könnunarskurður 2
Austursnið



4. Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá

Rannsóknastaður Helgafell
Leyfisnúmer 201604-0049
Safnnúmer 2016-11

Leyfisnúmer	Heiti	Dagsetning	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Athugasemdir
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_01	19.5.2016	TP1 mælt fyrir skurði	S	HJ	Vala, Baldur, Scott, Steinunn
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_02	19.5.2016	TP1 mælt fyrir skurði	SA	HJ	Vala, Scott, Baldur, Steinunn
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_03	19.5.2016	Helgafellskirkja og fjárhús h.m.	ASA	HJ	
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_04	19.5.2016	TP1 mælt fyrir á Sölv/ahóli	S	HJ	
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_05	19.5.2016	TP1 torf tekið af	SA	HJ	
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_06	19.5.2016	TP1	A	HJ	Vala, Baldur, Scott og Steinunn
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_07	19.5.2016	TP1	SV	HJ	Vala, Steinunn, Scott
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_08	19.5.2016	Helgafellskirkja frá Sölvahóli	A	HJ	
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_09	19.5.2016	TP1	S	HJ	Vala moka
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_10	19.5.2016	TP1 plan		HJ	
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_11	19.5.2016	TP1		HJ	
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_12	19.5.2016	TP1		HJ	
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_13	19.5.2016	TP1	V	HJ	
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_14	19.5.2016	TP1 plan		HJ	
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_15	19.5.2016	TP1 snið	V	HJ	
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_16	19.5.2016	TP1 snið og hleðsla	S	HJ	
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_17	19.5.2016	Hleðsla í suður af kirkju	A	HJ	kom í ljós við vegaframkvæmdir
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_18	19.5.2016	Hleðsla í suður af kirkju	A	HJ	hleðsla og kolalag

2016040049	Helgafell_20160519_HJ_19	19.5.2016	Hleðsla í suður af kirkju	A	HJ	hleðsla m mælistiku
2016040049	Helgafell_20160519_HJ_20	19.5.2016	Hleðsla í suður af kirkju	A	HJ	hleðsla m mælistiku
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_21	20.5.2016	TP2 opnaður	SV	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_22	20.5.2016	TP2 opnaður	S	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_23	20.5.2016	Rúst í Helgafelli	N	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_24	20.5.2016	Rúst í Helgafelli	N	HJ	Vala og Baldur í rústinni
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_25	20.5.2016	Rúst í Helgafelli	N	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_26	20.5.2016	Rúst í Helgafelli	NA	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_27	20.5.2016	TP2	NV	HJ	Vala skráir jarðlög
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_28	20.5.2016	TP2	AU	HJ	Jarðlög merkt m pokum
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_29	20.5.2016	TP2	AU	HJ	Jarðlög merkt m pokum
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_30	20.5.2016	TP2	AU	HJ	Jarðlög merkt m pokum
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_31	20.5.2016	TP2 allt sniðið	AU	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_32	20.5.2016	TP2	AU	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_33	20.5.2016	TP2	AU	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_34	20.5.2016	TP2 yfirlitsmynd	AU	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_35	20.5.2016	Brýni sem fannst í TP2		HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_36	20.5.2016	Brýni sem fannst í TP2 m mælikvarða		HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_37	20.5.2016	Brýni sem fannst í TP2 m mælikvarða		HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_38	20.5.2016	Baldur mokar úr TP2 og Vala	V	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_39	20.5.2016	eytt		HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_40	20.5.2016	Baldur mokar úr TP2, Steinunn og Scott	NV	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_41	20.5.2016	TP2 snið, móöskulag	A	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_42	20.5.2016	TP2 snið, móöskulag	A	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_43	20.5.2016	TP2 snið, yfirlitsmynd snið	A	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_44	20.5.2016	TP2 snið, yfirlitsmynd snið allt	A	HJ	
2016040049	Helgafell_20160520_HJ_45	20.5.2016	TP2 snið, yfirlitsmynd snið	A	HJ	
2016040049	2016-11-1_20160607_HJ_1	7.6.2016	Brennt dýrabein		HJ	

2016040049	2016-11-1_20160607_HJ_2	7.6.2016	Brennt dýrabein		HJ	
2016040049	2016-11-2_20160607_HJ_3	7.6.2016	Brennt dýrabein		HJ	
2016040049	2016-11-3_20160607_HJ_4	7.6.2016	Nagli úr járni		HJ	
2016040049	2016-11-3_20160607_HJ_5	7.6.2016	Nagli úr járni		HJ	
2016040049	2016-11-4_20160607_HJ_6	7.6.2016	Brennd dýrabein		HJ	
2016040049	2016-11-4_20160607_HJ_7	7.6.2016	Brennd dýrabein		HJ	
2016040049	2016-11-5_20160607_HJ_8	7.6.2016	Sleggja		HJ	
2016040049	2016-11-5_20160607_HJ_9	7.6.2016	Sleggja		HJ	
2016040049	2016-11-6_20160607_HJ_10	7.6.2016	Brýni		HJ	
2016040049	2016-11-6_20160607_HJ_11	7.6.2016	Brýni		HJ	
2016040049	2016-11-7_20160607_HJ_12	7.6.2016	Smjörbein (dýrabein)		HJ	
2016040049	2016-11-8_20160607_HJ_13	7.6.2016	Brennd dýrabein		HJ	
2016040049	2016-11-9_20160607_HJ_14	7.6.2016	Brennd dýrabein		HJ	
2016040049	2016-11-10_20160607_HJ_15	7.6.2016	Brennd dýrabein		HJ	
2016040049	2016-11-10_20160607_HJ_16	7.6.2016	Brennd dýrabein		HJ	
2016040049	2016-11-11_20160607_HJ_17	7.6.2016	Bein		HJ	
2016040049	2016-11-	7.6.2016	Bein		HJ	

	11_20160607_HJ_18					
2016040049	2016-11-12_20160607_HJ_19	7.6.2016	Brennt bein		HJ	
2016040049	2016-11-13_20160607_HJ_20	7.6.2016	viður		HJ	
2016040049	2016-11-13_20160607_HJ_21	7.6.2016	viður		HJ	
2016040049	2016-11-14_20160607_HJ_22	7.6.2016	Dýrabein (kannski svín)		HJ	
2016040049	2016-11-14_20160607_HJ_23	7.6.2016	Dýrabein (kannski svín)		HJ	
2016040049	2016-11-15_20160607_HJ_24	7.6.2016	Keramik		HJ	
2016040049	2016-11-15_20160607_HJ_25	7.6.2016	Keramik		HJ	
2016040049	2016-11-16_20160607_HJ_26	7.6.2016	kolaður viður		HJ	
2016040049	2016-11-17_20160607_HJ_27	7.6.2016	Dýrabein		HJ	
2016040049	2016-11-18_20160607_HJ_28	7.6.2016	Textíll		HJ	
2016040049	2016-11-19_20160607_HJ_29	7.6.2016	Brennd dýrabein		HJ	
2016040049	2016-11-19_20160607_HJ_30	7.6.2016	Brennd dýrabein		HJ	
2016040049	2016-11-20_20160607_HJ_31	7.6.2016	Brennd dýrabein		HJ	

2016040049	2016-11-20_20160607_HJ_32	7.6.2016	Brennd dýrabein		HJ	
2016040049	2016-11-21_20160607_HJ_33	7.6.2016	Viður		HJ	
2016040049	2016-11-21_20160607_HJ_34	7.6.2016	Viður		HJ	
2016040049	2016-11-22_20160607_HJ_35	7.6.2016	Keramik		HJ	
2016040049	2016-11-22_20160607_HJ_36	7.6.2016	Keramik		HJ	
2016040049	Bæjarhlað_20160630_SK_1	30.6.2016	Radarmælingar	A	SK	
2016040049	Bæjarhlað_20160630_SK_2	30.6.2016	Radarmælingar	N	SK	
2016040049	Bæjarhlað_20160630_SK_3	30.6.2016	Radarmælingar	V	SK	
2016040049	Bæjarhlað_20160630_SK_4	30.6.2016	Radarmælingar	V	SK	
2016040049	Bæjarhlað_20160630_SK_5	30.6.2016	Radarmælingar	SA	SK	
2016040049	Bæjarhlað_20160630_SK_6	30.6.2016	Radarmælingar	V	SK	
2016040049	Bæjarhlað_20160630_SK_7	30.6.2016	Radarmælingar	N	SK	
2016040049	Horft í suðaustur_20160630_SK_8	30.6.2016	Radarmælingar	SA	SK	
2016040049	Horft í suður_20160630_SK_9	30.6.2016	Radarmælingar	S	SK	
2016040049	Bílastæði_20160630_SK_10	30.6.2016	Radarmælingar	A	SK	

2016040049	Bílastæði_20160630_SK_11	30.6.2016	Radarmælingar	A	SK	
2016040049	Bílastæði_20160630_SK_12	30.6.2016	Radarmælingar	S	SK	
2016040049	Bílastæði_20160630_SK_13	30.6.2016	Radarmælingar	S	SK	

5. Kort af miðaldaklaustrunum

